



Alþýðusamband Íslands

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2021  
Tilvísun: 202101-0020

**Efni:** Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði).

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði). Það er mat ASÍ að löngu sé orðið tímabært að aðgangsskilyrðum að háskólum sé breytt. Eins og kemur fram í frumvarpinu þá er *þessari breytingu ætlað að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið list-, tækni- og starfsnámi af þriðja hæfniprepi og þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi til inngöngu í háskóla*. Þá er einnig nefnt að frumvarpið *feli í sér aukið jafnræði til náms óháð mismunandi námsleiðum nemenda og þeim lokaprófum frá framhaldsskólum sem nemendur hafa*. ASÍ styður heilshugar það markmið frumvarpsins að nemendur sem velja list-, tækni- eða starfsnám hafi jafna möguleika og þeir sem ljúka stúdentsprófi, til áframhaldandi náms á háskólastigi.

Alþýðusamband Íslands hefur um áráraðir barist fyrir auknu vægi tækni- og starfsnáms. Það er mikilvægt að stjórnvöld styðji vel við nemendur sem vilja stunda hverskonar iðnnám og að menntakerfið bjóði upp á hvata til þess. Með þessum fyrirhuguðu breytingum á inntökuskilyrðum í háskóla verður komið til móts við þá einstaklinga sem áhuga hafa á áframhaldandi námi á háskólastigi að loknu tækni- eða starfsnámi.

Þá hvetur ASÍ til að lögð verði áhersla á að mótuð verði skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum svo nemendur geti skipulagt nám sitt með þær kröfur í huga sem gerðar eru í mismunandi deildum viðkomandi háskóla.

ASÍ telur einnig til mikilla bóta að öllum lokaprófum á þriðja þrepi úr framhaldsskólum sé gert jafn hátt undir höfði og þar með búið að jafna stöðu nemenda sem lokið hafa mismunandi prófum á framhaldsskólastigi. ASÍ hvetur til að frumvarp þetta verði að lögum og með því yrði stigið mikið framfaraskref í íslensku menntakerfi..

F.h. Alþýðusambands Íslands

Eyrún Valsdóttir  
Sviðstjóri fræðslu og þekkingar

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla (Þingskjal 898 — 536. mál).

### **Samantekt á meginatriðum**

Háskóli Íslands telur mikilvægt að efla starfsnám í landinu. Skólinn telur á hinn bóginn rétt að skoða aðrar leiðir til að efla slíkt nám en að opna ákvæði um almenn inntökuskilyrði í lögum um háskóla og þrengja síðan eftir atvikum inntökuskilyrði hvers háskóla fyrir sig. Hætt er við að slíkt valdi misskilningi og óþarfa erfiðleikum í samskiptum háskóla annars vegar og nemenda og framhaldsskóla hins vegar.

Almennt telur Háskólinn afar óráðlegt að gera minni kröfur um bóklegan undirbúning nemenda fyrir háskólanám en nú er gert. Umræðan innan Háskóla Íslands hefur á undanförmum árum snúist um það hvort og hvernig bæta megi bóklegan undirbúning framhaldsskólanema sem hyggja á háskólanám, en alls ekki að draga enn frekar úr þeim kröfum.

Þá hefur Ísland gert samninga við önnur lönd um gagnkvæma viðurkenningu náms og kann grundvallarbreyting á ákvæði laga um þau próf sem veita almennan aðgang að háskólum að setja það samstarf í uppnám. Háskólinn telur ráðlegra að gera greinarmun á lokaprófum sem veita almennan aðgang að háskólanámi, stúdentsprófi, og prófum sem veita afmarkaðan aðgang, önnur lokapróf á 3. hæfniprepi, að því gefnu að í þeim felist nægilegur undirbúningur í íslensku og ensku.

Af framangreindum ástæðum er Háskóli Íslands ekki hlynntur því að þetta frumvarp um breytingu á lögum um háskóla og opinbera háskóla verði að lögum. Afstaða Háskólans er rökstudd frekar að neðan.

### **Inngangur**

Háskóli Íslands telur brýnt að umræða skuli tekin um inntökuskilyrði háskóla því lagaákvæði sem gilda um undirbúning nemenda fyrir háskólanám og inntöku þeirra í háskóla þurfa að vera skýr. Grunnforsendan er að nemendur sem heimilað er að hefja háskólanám hafi aflað sér fullnægjandi undirbúnings til að geta tekist á við háskólanám með viðunandi árangri.

Undanfarin ár hefur Háskóli Íslands átt óformlegar viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið og skólastjórnendur framhaldsskóla. Á þeim fundum hefur Háskólinn ítrekað viðrað þær áhyggjur sínar að stúdentsprófið, eins og það er skilgreint í dag, tryggi ekki nægilega undirbúning nemenda fyrir háskólanám. Einstakir kennarar og deildir Háskólans hafa líst áhyggjum yfir að nemendur komi í auknum mæli illa undirbúnir til náms þó svo þeir hafi lokið stúdentsprófi. Vegna þessa hafa stjórnendur skólans haft áhyggjur af því að þetta kunni með tímanum að leiða til minni gæða háskólanáms hér og því leitað til ráðuneytisins með hugmyndir um með hvaða hætti megi tryggja betur undirbúning nemenda. Að mati Háskólans skýtur skökku við að nú er lagt til að draga verulega úr formlegum kröfum um bóklegan undirbúning í stað þess að bregðast við þeim vanda sem uppi er.

Samkvæmt 18. gr. laga um framhaldsskóla (92/2008) skal stúdentsprófið miða að því markmiði að búa nemendur undir nám á háskólastigi. Við mat á námsbrautarlýsingum skal vera tryggt að prófið uppfylli almennar kröfur háskóla um undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Auk þess er kveðið á um það í lögnum að í kjarna stúdentsprófa skuli vera a.m.k. 45 framhaldsskóla einingar (feiningar) í íslensku, ensku og stærðfræði. Þó svo að kveðið sé á um það í ofangreindri grein að þess skuli gætt að prófin uppfylli almennar kröfur háskóla um undirbúning, þá var opinberu háskólunum á sama tíma, samkvæmt lögum um opinbera háskóla (85/2008), óheimilt að setja fram almennar kröfur. Háskóli Íslands brást við með því að hver deild skólans setti fram viðmið um æskilegan undirbúning nemenda, og lagði síðan til við ráðuneytið að

stúdentsprófsbrautir sem veita eigi almennan aðgang að háskólanámi á Íslandi (og þar með einnig að háskólanámi í nágrannalöndum okkar) innihaldi a.m.k. 85 til 100 feininga almennan kjarna í íslensku, ensku, stærðfræði, sögu, raungreinum og félagsgreinum í stað þess 45 feininga kjarna í íslensku, ensku og stærðfræði sem krafist er í dag.

### **Tillagan í frumvarpinu**

Í frumvarpinu er lagt til að önnur próf á 3. hæfniprepi en stúdentspróf veiti almennt sama aðgang að háskólanámi og stúdentspróf. Í lögum um framhaldsskóla er þó einungis kveðið á um að nám til stúdentsprófs skuli taka mið af þörfum nemenda sem hyggja á háskólanám. Í lögnum er ekki gerð krafa um að aðrar námsbrautir á þriðja hæfniprepi skuli búa nemendur undir háskólanám. Í frumvarpinu er því lagt til að próf sem ekki miða að því að búa nemendur undir nám við háskóla veiti samt sem áður almennan aðgang að háskólum.

Ef staðfestar námsbrautir á þriðja hæfniprepi, aðrar en námsbrautir til stúdentsprófs, eru skoðaðar kemur í ljós að feiningar í ofangreindum kjarnagreinum (í íslensku, ensku og stærðfræði) eru allt frá 0 til vel rúmlega 45. Sveinspróf, sem dæmi, virðist almennt innihalda 5 feiningar í íslensku, ensku og stærðfræði (á öðru hæfniprepi). Þetta felur að mati Háskóla Íslands alls ekki í sér nægilegan undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Að mati Háskóla Íslands þarf undirbúningur nemenda sem hyggjast hefja nám við háskóla að vera að lágmarki 20 feiningar í ensku og íslensku (þar af 10 í hvorri grein) á þriðja hæfniprepi. Það er ljóst að námsbrautir á þriðja þrepi með 5 feiningar í íslensku og ensku eru langt frá því að teljast nægilegur undirbúningur fyrir nám við háskóla. Þar fyrir utan telur Háskóli Íslands æskilegt, eins og áður kom fram, að í kjarna námsbrauta sem veita eiga almennan aðgang að háskólanámi séu einnig feiningar í stærðfræði, sögu, raungreinum og félagsgreinum (samtals a.m.k. 85-100 feiningar í kjarna). Það skal tekið fram að menntamálayfirvöld gera ekki kröfu um ensku á þriðja hæfniprepi í kjarna stúdentsprófa. Háskóli Íslands telur hins vegar afar brýnt að það sé gert.

Í ljósi þess að um það bil 90% námsefnis á háskólastigi er á ensku er afar brýnt að nemendur komi með staðgóðan undirbúning í ensku til námsins. Rannsóknir á stöðu ensku á Íslandi gefa vísbendingar um að um þriðjungur þeirra nemenda sem lokið hafa stúdentsprófi eigi í erfiðleikum með að skilja námsbækur á ensku í háskólanámi sínu (Anna Jeeves, 2010; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010). Það er vert að ítreka að um er að ræða stúdenta sem þegar höfðu lokið stúdentsprófi í ensku samkvæmt eldri námskrá. Ætla má að vandi hinna, þeirra sem einungis hafa lokið 5 feiningum á öðru hæfniprepi, sé umtalsvert alvarlegri.

Ef þær 77 staðfestu námsbrautir – með námslok á þriðja hæfniprepi, aðrar en brautir til stúdentsprófs – eru skoðaðar, kemur í ljós að 9 (12%) þeirra eru ekki með kröfu um neina íslensku eða ensku, 48 (62%) eru með kröfu um 5 feiningar í hvorri grein á öðru hæfniprepi, og 13 (17%) eru með kröfu um 10 feiningar í hvoru máli á öðru hæfniprepi. Einungis 4 af þessum 77 námsbrautum, eða 5% þeirra, gera kröfu um íslensku og ensku á öðru og þriðja hæfniprepi.

Tafla sem sýnir fjölda samþykktra námsbrauta á 3. hæfniprepi, aðrar en stúdentsprófsbrautir, flokkaðar eftir fjölda feininga og hæfniprepi sem krafist er í þeim í íslensku og ensku.

Fjöldi námsbrauta	Fjöldi feininga í íslensku og ensku	Skipting milli íslensku/ensku	Þar af feiningar á hæfniprepi þrjú
9	0	0/0	0
48	10	5/5	0
1	12	5/7	0
2	15	10/5	0
13	20	10/10	0
5	25	10/15	0/5
1	30	15/15	5/5
2	35	20/15	10/5
1	49	20/29	10/19

Í dag stendur nemendum með önnur lokapróf af þriðja hæfniprepi en stúdentspróf til boða viðbótarnám til stúdentsprófs. Viðbótarnámið tryggir þessum nemendum lágmarkskjarna stúdentsprófsins, þ.e. 45 feiningar í íslensku, ensku og stærðfræði. Ef þetta frumvarp verður að lögum verður ekki betur séð en verið sé að senda nemendum þau skilaboð að viðbótarnámið sé almennt óþarft, nemendurnir geti eins vel hafið nám við háskóla strax að loknu starfsnámsprófi sínu. Slík skilaboð eru enginn greiði við nemendur og það er ábyrgðarhluti að senda þau til nemenda sem hyggjast hefja háskólanám. Þá kann frumvarpið einnig að hafa þau áhrif að efasemdir um gildi bóknáms vakni hjá nemendum sem hyggjast leggja leið sína í háskólanám. Nemendur munu spyrja sig hvers vegna þeir eigi að leggja á sig bóknámið ef fá má sömu réttindi til háskólanáms eftir starfsnám.

Með staðfastri áherslu á bóknám er Háskólinn alls ekki að gera lítið úr námi í iðn-, list- og tæknigreinum, heldur er verið að leitast við að tryggja að þeir nemendur sem hefja háskólanám hafi fengið nægan undirbúning til þess að takast á við krefjandi háskólanám. Að mati Háskólans hefur ávallt komið til greina að nemendur með önnur próf en stúdentspróf hefji nám við skólann búi þeir að þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er talinn til námsins. Þannig hafa verkfræðideildir skólans um árabíl talið fjórða stigs próf í vélstjórn uppfylla inntökuskilyrði sín, en þar ljúka nemendur a.m.k. 60 feiningum í íslensku, ensku og stærðfræði á öðru og þriðja hæfniprepi, auk feininga í raungreinum. Það er eitt að opna fyrir takmarkaðan aðgang þegar fyrir liggur að viðkomandi námsbraut getur veitt nægjanlegan undirbúning fyrir nám í ákveðnum greinum á háskólastigi, en annað og alvarlegra ef aðgangurinn er galopnaður án nokkurs tillits til þess undirbúnings sem felst í framhaldsskólanáminu.

### Námsframvinda og gæði náms

Almenn inntökuskilyrði í háskóla þurfa að tryggja að nám sem veitir almennan aðgang að háskólum innihaldi sameiginlegan kjarna sem undirbúi nemendur fyrir nám á hvaða fræðasviði sem er. Enn meiri þörf er á slíkum undirbúningi í dag þegar lögð er aukin áhersla á þverfræðilega nálgun og sveigjanleika vinnuafls. Gæði náms felast meðal annars í því að viðmið og skipulag styðji við námsframvindu og tækifæri nemenda til að nýta sér fjölbreytt námsframboð innan háskóla.

Reynsla Háskóla Íslands og annarra háskóla sýnir að umtalsverður kostnaður getur falist í því að hleypa nemendum í nám sem þeir eru ekki nægilega undirbúnir fyrir. Það er hætt við að námsvinnan og stuðningsþjónustan snúist að miklu leyti um þarfir þessara nemenda á kostnað

hinna sem komu vel undirbúnir til náms. Í sumum tilvikum getur þetta komið niður á þeim námskröfum sem gerðar eru í námskeiðum og í öðrum tilvikum getur það dregið úr gæðum námsins hjá þeim nemendum sem mæta vel undirbúnir til náms. Þá getur það reynst nemendum ákaflega erfitt andlega ef þeir hefja illa undirbúnir nám sem þeir ráða ekki við.

### **Alþjóðlegt samhengi**

Þá er rétt að vekja athygli á að í 1. mgr. 19. gr. laga um háskóla er kveðið á um að tryggt skuli að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. Að mati Háskóla Íslands er mikilvægt að menntamálayfirvöld hafi þetta í huga við orðalag ákvæða í lögum um inntökuskilyrði háskóla og við framsetningu reglna um inntak þeirra prófa sem veita eiga aðgang að háskólanámi. Í því samhengi er Ísland ekki eyland. Þannig er mikilvægt að löggjafinn og menntamálayfirvöld hafi til hliðsjónar þau lög og þær reglur sem gilda um inntökuskilyrði og undirbúningsnám nemenda í nágrannalöndum okkar, ekki síst vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa í áranna rás gert samninga við nágrannalönd sín, einkum hin Norðurlöndin, um gagnkvæmt mat á námi. Samkvæmt þessum samningum eiga íslensk próf, sem veita almennan aðgang að háskólum hér, einnig að veita aðgang að háskólum í hinum löndunum. Það skal tekið fram að nemendum sem einungis hafa lokið 5 feiningum í móðurmáli og 5 feiningum í ensku stendur hvergi til boða í hinum aðildarlöndum samninganna að hefja nám á háskólastigi.

Í nágrannalöndum okkar er gerður greinamunur á annars vegar almennum aðgangi að háskólanámi og hins vegar takmörkuðum aðgangi. Til þess að próf úr framhaldsskóla veiti almennan aðgang að námi í háskóla þarf námið að innihalda ákveðinn sameiginlegan kjarna sem samanstendur af móðurmáli, ensku, stærðfræði, sögu, raungreinum og félagsgreinum, og í sumum tilvikum þriðja tungumáli. Próf úr framhaldsskólum sem ekki innihalda þennan almenna kjarna geta veitt takmarkaðan aðgang að háskólum í nágrannalöndum okkar, þ.e. aðgang að frekara námi á sama fræðasviði, og þá gjarnan í starfstengt háskólanám, en þó að því gefnu að undirbúningur í móðurmáli og ensku sé fullnægjandi.

Þegar gengið var frá samningum (norrænum og evrópskum) um gagnkvæmt mat á námi milli landanna innihéldu þau próf á Íslandi sem veittu almennan aðgang að háskólanámi þennan umrædda kjarna (sem nam samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla 1999 samtals 168 feiningum af 240 til stúdentsprófs af bóknámsbraut). Með þeim breytingum sem átt hafa sér stað á námi við framhaldsskóla á Íslandi með innleiðingu aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 hefur þetta breyst til muna. Nú tryggir kjarni stúdentsprófsbrauta einungis 55 feingar af 200. Ekki er því lengur tryggt að íslenska stúdentsprófið innihaldi þann almenna kjarna sem talinn er nauðsynlegur til almenns aðgangs að háskólanámi í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Verði frumvarpið að lögum er engin trygging fyrir bóknámskjarna í þeim prófum sem veita almennan aðgang að háskólanámi, því með því má segja að fallið sé frá lágmarkskröfu um undirbúning nemenda í íslensku og ensku.

Tafla yfir þróun fjölda feininga í lágmarks bóknámskjarna prófa sem veita almennan aðgang að háskólanámi á Íslandi ásamt tillögu HÍ að bóknámskjarna prófa sem veita almennan aðgang:

Bóknámsstúdentspróf 1999-2011	Viðbótar- og starfsnámsstúdentspróf 1999-2011	Stúdentspróf frá 2011	Tillaga HÍ að bóknámskjarna	2021 ef frumvarp verður samþykkt
168	73	55	85-100	0

Verði þetta frumvarp lögfest má segja að löggjafinn gangi þvert á þá kröfu sem hann sjálfur gerir til íslenskra háskóla í lögum um háskóla, þ.e. að þeir tryggi að "...inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis." Slík afstaða eykur enn á þann vanda sem erlendir háskólar og matsaðilar standa frammi fyrir vegna prófa frá Íslandi, en þær breytingar sem gerðar hafa verið á stúdentsprófinu (sjá töflu hér að ofan) hafa þegar valdið þessum aðilum nokkrum vanda. Þá er hætt við að þessi breyting geti jafnframt dregið úr trúverðugleika hins íslenska menntakerfis gagnvart öðrum þjóðum.

### Lokaorð um aðferðafræði

Háskólinn hefur eins og áður sagði efasemdir um þá aðferðafræði sem hér virðist fylgt, að löggjafinn opni aðgang að háskólanámi með þeim hætti sem til er lagt, en geri síðan ráð fyrir að háskólarnir eða háskóladeildir þeirra takmarki aðgang. Þetta kann að vekja upp væntingar sem ekki er innistæða fyrir. Eðlilegra er að meginreglan sé orðuð í lögnum (krafan um stúdentspróf, jafnvel með 85-100 feininga kjarna) og rýmri heimildir til inntöku komi í undanþáguákvæðum eða nánari ákvæðum, t.d. er varðar inntöku í fagháskólanám. Einnig mætti hugsa sér að breyta ekki núverandi orðalagi en bæta við að „önnur lokapróf á 3. hæfniprepi geti veitt takmarkaðan aðgang að háskólanámi samkvæmt nánari ákvörðun einstakra háskóla.“

Að lokum er rétt að hafa í huga að stór hluti nemenda framhaldsskóla gerir sér ekki grein fyrir hvort, og þá í hvaða nám þeir vilja fara í á háskólastigi, og þó þeir hafi myndað sér í framhaldsskóla ákveðnar skoðanir á því í hvaða nám þeir vilja fara á háskólastigi þá breytast þær oft þegar á hólminn er komið. Það er því mikilvægt að bjóða upp á bóknámsbrautir sem veita nemendum góðan almennan undirbúning þannig að þeir geti tekist á við nánast hvaða nám sem er á háskólastigi, en einnig er mikilvægt að bjóða upp á almennt viðbótarnám fyrir nemendur sem hafa lokið starfsnámsbrautum þannig að þeim standi sömu valkostir til boða. Þá þarf einnig að tryggja að nægur undirbúningur sé í ákveðnum undirstöðugreinum í starfsnáminu ef það á að veita afmarkaðan aðgang að háskólanámi. Hafa ber í huga að engum nemanda er greiði gerður að segja honum að hann geti hafið nám í háskóla ef undirbúningur hans er ófullnægjandi. Það er á ábyrgð menntamálayfirvalda að tryggja með námskrám framhaldsskóla að þau próf á framhaldsskólastigi sem veita aðgang að námi á háskólastigi veiti nemendum nægan undirbúning til þess að takast á við námið, og í þeim efnum verður ráðuneytið, og löggjafinn, að horfa til þess sem gert er í nágrannalöndum okkar sem við höfum gert samninga við um gagnkvæma viðurkenningu náms.

### Möguleg viðbrögð Háskóla Íslands ef þessi breyting verður lögfest

Á undanförunum vikum hefur kennslusvið Háskólans fundað með stjórnnum allra 5 fræðasviða skólans til að ræða fyrirhugaðar lagabreytingar. Sameiginlegt er með öllum fræðasviðum að

Þau hafa áhyggjur af tillögunum sem settar eru fram í frumvarpinu. Afstaða fræðasviðanna er að brýnna sé að tryggja betur undirbúning nemenda frekar en að draga úr honum. Einnig hafa verið rædd viðbrögð við lögnum innan fræðasviðanna. Þar hefur einkum verið rætt um þrenns konar viðbrögð, þótt ekkert hafi verið ákveðið þar um: 1) Að taka upp almenn inntökupróf inn í Háskólann; 2) að herða inntökukröfur frá því sem nú er (að gera ríkari kröfur um feiningar í kjarna stúdentsprófa); 3) að Háskólinn bæti mögulega við einu ári í almennu undirbúningsnámi (þar með væri Háskólinn e.t.v. farinn að sinna kennslu á framhaldsskólastigi). Einnig hefur verið rætt um hvaða kröfur mætti gera um aukið bóknám til þeirra sem útskrifast með önnur próf á þriðja þrepi framhaldsskólans. Þótt þessi umræða sé á frumstigi, og engar ákvarðanir hafi verið teknar, lýsir hún áhyggjum fræðasviða Háskólans af breytingunum sem felast í frumvarpinu.

### Rökstuðningur í greinargerð

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að erfitt sé að skilgreina stúdentspróf sem aðalskilyrði háskólanáms til fyrstu háskólagráðu þar sem svo miklar breytingar hafi orðið á stúdentsprófinu, þ.e. að stúdentsprófin séu orðin fjölbreytt og ólík að efni og innihaldi. Það er vissulega rétt að stúdentsprófin eru orðin fjölbreytt, en þó er sá reginmunur á stúdentsprófum annars vegar og öðrum prófum á þriðja hæfniprepi hins vegar að í stúdentsprófunum er gerð krafa um a.m.k. 45 feininga kjarna í íslensku, ensku og stærðfræði, sem ekki er gerð gagnvart hinum prófunum. Hugsanlega finnst höfundum frumvarpsins þessi munur óverulegur. Háskóli Íslands, eins og að ofan greinir, er ekki á sama máli. Vissulega er 45 feininga kjarninn of lítill, og hann mætti auka, en það þýðir samt ekki að hann skipti ekki máli. Mikilvægt er að standa vörð um kjarna hins íslenska stúdentsprófs og efla hann eftir því sem kostur er.

Þá á frumvarpið, verði það að lögum, að hvetja háskóla til að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum svo nemendur geti skipulagt nám sitt til samræmis við kröfur háskóla. Í þessu samhengi er mikilvægt að átta sig á því að aðgangsviðmið og inntökukröfur eru ekki einn og sami hluturinn. Deildir Háskóla Íslands hafa t.d. mótað skýr aðgangsviðmið, en við staðfestingu námsbrauta til stúdentsprófs hafa menntamálayfirvöld ekki tekið neitt tillit til þessara viðmiða af því að þau eru ekki inntökukröfur. Ef menntamálayfirvöld telja að aðgangsviðmið deilda háskólanna, eða inntökukröfur þeirra, séu ekki nógu skýrar, er rétt að bregðast við því, í stað þess að draga verulega úr inntökukröfum.


Þá kemur fram í greinargerðinni að þrátt fyrir þróunarverkefni sem hrint var af stað 2016 um fagháskólanám hafi ekki allir nemendur sem lokið hafa framhaldsskólanámi átt greiðan aðgang að háskólanámi. Tiltaka höfundar greinargerðarinnar sérstaklega starfsnámsnemendur sem að þeirra mati hafi aflað sér nægilegs undirbúnings til þess að geta stundað nám á háskólastigi. Af þessu má ráða að þótt höfundar greinargerðarinnar leggi til að öll lokapróf á þriðja hæfniprepi veiti aðgang að háskólanámi, þá geri þeir sér samt sem áður grein fyrir því að þeir sem hafa lokið prófum á þriðja hæfniprepi kunni ekki allir að hafa aflað sér nægilegs undirbúnings til þess að takast á við námið. Háskóli Íslands hefur ítrekað bent á að gera megi greinarmun á lokaprófum sem veita almennan aðgang að háskólanámi, stúdentsprófi, og prófum sem geta veitt afmarkaðan aðgang, önnur lokapróf á 3. hæfniprepi, að því gefnu að í þeim felist nægilegur undirbúningur í íslensku og ensku. Slík leið sé ráðlegri en sú sem lögð er til í frumvarpinu,

### Að lokum

Að lokum skal bent á að niðurfelling orðanna „öðru jafngildu prófi“ getur bent til þess að löggjafinn vilji herða inntökuskilyrðin þegar kemur að öðrum prófum en stúdentsprófum og lokaprófum af þriðja þrepi og loka t.d. á þau erlendu próf sem talin hafa verið jafngild

stúdentsprófinu. Þessi breyting kann því að ganga gegn þeim alþjóðlegu skuldbindingum um gagnkvæman aðgang að námi sem Ísland er aðili að.

Virðingarfyllst,



Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Akureyri, 9. mars 2021  
Tilv.: 2103036

**Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.**

Það er fagnaðarefni að farið sé í endurskoðun á lögum um háskóla með það að markmiði að gera alla nemendur á framhaldsskólastiginu jafna gagnvart því að sækja um nám við háskóla hér á landi. Aðgengi að háskólum og kröfur um undirbúning nemenda áður en nám hefst ætti ætíð að vera í höndum háskólanna sjálfra og eru þær breytingar sem boðaðar eru í þessum frumvarpsdrögum skref í þá átt. Breytingin mun jafnframt auka jafnræði meðal umsækjenda um að fá að sækja um nám við háskóla en mikilvægt er að fram komi að þessi breyting tryggir ekki aðgengi að háskólanámi, hvorki fyrir nemendur sem ljúka hefðbundnu stúdentsprófi né heldur þann hóp sem líkur starfstengdu námi á framhaldsskólastigi.

Lagabreyting þessi mun hafa áhrif með tvennum hætti. Í fyrsta lagi mun álag við inntöku nemenda aukast við upphaf gildistökunnar þar sem vinna þarf ný aðgangsviðmið allra deilda háskólanna þannig að ljóst sé hver viðmiðin eru. Umsóknarferli haustsins 2021 er þegar hafið en lokafrestur til að skila inn umsóknum er 5. júní. Það verður því afar skammur tími til að koma þessum breytingum í framkvæmd. Í öðru lagi er ljóst að aðsókn í háskólanna muni aukast sem krefst fleiri nemendaígilda fyrir háskólakerfið og þau nemendaígildi verður að fjármagna sérstaklega.

Hvað varðar fyrri punktinn skal tekið fram að Háskólinn á Akureyri telur að vinna við slík aðgangsviðmið þurfi lengri tíma og aðdraganda svo unnt sé að kynna slíkar niðurstöður fyrir framhaldsskólum landsins - og að nemendur í framhaldsskólum geti aðlagð nám sitt að þessum nýju viðmiðum, þá hvort sem þau eru á hefðbundinni stúdentsbraut eða starfsfnámsbraut. Nauðsynlegt verður að eiga gott samráð á milli háskólastigsins og framhaldsskólastigsins um þessar breytingar þannig að sameiginlegur skilningur sé á milli þessara skólastiga um það hvaða kröfur séu gerðar í hverju námi fyrir sig. Það væri því farsælt að boða þessar breytingar með góðum fyrirvara með því að lögin öðlist gildi fyrir umsóknir nemenda um háskólavist fyrir haustið 2022 eða jafnvel

2023, frekar heldur en að lögin öðlist þegar gildi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.


Háskólinn á Akureyri telur að aðsókn mun aukast í kjölfar þessara breytinga og að í flestum tilfellum muni fleiri nemendur uppfylla aðgangsskilyrði einstakra deilda og námsbrauta innan háskóla. Sérstaklega má gera ráð fyrir því að til staðar sé uppsafnaður áhugi margra einstaklinga sem hafi iðnmenntun í grunninn en jafnframt aflað sér viðbótar þekkingar og starfsreynslu. Fyrstu árin eftir þessa breytingu verður því aukinn heildarfjöldi nemenda í háskólum landsins. Frestun gildistöku laganna myndi veita stjórnvöldum ákveðið svigrúm til þess að meta slíkan kostnað og koma þannig á móts við háskólastigið svo unnt verði að veita auknum nemendafjölda aðgengi að háskólanámi án þess að sá aukni fjöldi komi niður á gæðum námsins né gangi nærri þeim mannauð sem starfar við háskóla í dag. Aukinn nemendafjöldi mun kalla á fleiri starfsmenn fyrir háskóla landsins sem tekur tíma að auglýsa eftir og ráða til starfa.

Til viðbótar við þessi skammtímaáhrif, sem milda má með því að hafa lengri aðlögunartíma áður en lögin taka gildi, eru umtalsverð langtímaáhrif af breytingu sem þessari - sérstaklega þegar deildir háskóla verða búnar að skilgreina nánar aðgangsviðmið að hverri deild fyrir sig. Langtímaáhrifin munu koma fram með þeim hætti að nemendur á framhaldsskólastigi munu í auknu mæli þurfa að sérhæfa sitt nám þannig að þau geti vænst þess að fá aðgengi að námi á tilteknum fræðasviðum. Á síðustu árum hefur Háskólinn á Akureyri þurft að beita harðari aðgangsviðmiðum í ljósi þess að umsóknir hafa verið umfram þann nemendafjölda sem skólinn hefur fengið heimildir til frá stjórnvöldum. Reynslan af þeim aðgerðum sýnir okkur að nemendur eru oft að skipta um áherslur frá framhaldsskóla yfir í háskólanám og því getur undirbúningur þeirra verið mjög misjafn þegar kemur að umsókn í háskóla. Því má búast við að nemendur sem ekki uppfylla skilyrði deilda, en lokið hafa námi á þriðja þrepi, þurfi að taka viðbótarnám á þriðja þrepi til þess að uppfylla skilyrði tiltekinna deilda eða fræðasviða. Þannig mun heildarnámstími viðkomandi lengjast. Að sama skapi geta nemendur sem vita hvaða nám þau vilja stunda í háskóla aðlagast nám sitt í framhaldsskólanum og þannig aukið verulega líkur á því að uppfylla öll skilyrði deildarinnar. Með þessum hætti geta nemendur lokið námi sínu á háskólastigi tiltölulega snemma á lífsferlinum en það krefst þess að ákvörðun um háskólanám sé í raun tekin við 15 eða 16 ára aldurinn. Það mun taka íslenskt samfélag þó nokkurn tíma að aðlagast þessum veruleika.

Aðgengi að háskólanámi, sérstaklega á fyrsta stigi til bakkalárgráðu, er mikilvæg forsenda þess að byggja upp mannauð í landinu öllu þannig að íslenskt samfélag sé tilbúið til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar. Þessar áskoranir eru settar fram í heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og þær endurspeglast í stefnu stjórnvalda og daglegu lífi landsmanna. Það er ljóst að þjóðin mun þurfa aðgengi að bestu mögulegu þekkingu á hverjum tíma - þekkingu sem nær yfir mörg fræðasvið – ef leysa á

úr þessum áskorunum. Öflug tengsl allra skólastiga eru nauðsynlegur þáttur í því að skólakerfið skili samfélaginu fjölbreyttu og vel menntuðu vinnuafli og er samvinna á milli skólastiga lykilþáttur í að það takist. Þær breytingar sem settar eru fram í þessu frumvarpi munu kalla fram nokkrar grundvallabreytingar en hér verður einungis tæpt á nokkrum þeirra. Þar er hægt að nefna þætti eins og raunfærnimat svo unnt sé að jafna aðgengi þeirra sem koma með starfsmenntun af vinnuþrengingum eða með nám og reynslu erlendis frá. Gera þarf breytingar á umsóknarferlum háskóla, þmt að flýta dagsetningu umsóknarfrests svo nægur tími gefist fyrir mat á umsóknum. Meta þarf áhrif þessara breytinga á möguleika nemenda til að sækja um í erlendum háskólum og tryggja að aðgengi þeirra skerðist ekki með því að tryggja að breytingarnar standist alþjóðlega samninga. Kynna þarf breytingarnar fyrir námsráðgjöfum bæði háskóla og framhaldsskóla þannig rágjafar geti leiðbeint væntanlegum nemendum í samræmi við stöðu þeirra og undirbúning. Margir fleiri þættir munu þurfa skoðunar við sem sýnir enn frekar þörfina á að gefa innleiðingarferlinu lengri tíma. Þá er mikilvægt að benda á að breyting þessi veitir ekki jafnt aðgengi að öllu háskólanámi fyrir alla nemendur né styrkir með beinum hætti við starfsmenntanáms. Til þess að svo verði þarf að grípa til víðtækari og markvissari aðgerða til að kynna starfsmenntanáms fyrir nemendum á grunnskólastigi jafnframt því að tryggja að námið höfði til fyrstu kynslóðar 21. aldarinnar.

Hvort sem lítið er til ofangreindra þátta, skammtímaáhrifanna eða langtímaáhrifa er ljóst að hér er um stóra breytingu að ræða. Breytingin er þörf og á heildina lítið nauðsynleg til að aðlagast nýjum raunveruleika í skólakerfinu í heild sinni. En vegna þess hversu mikilvæg þessi breyting er leggur Háskólinn á Akureyri megináherslu á að gildistími lagabreytingarinnar sé lengdur þannig að skólakerfið i heild sinni fá góðan undirbúningstíma, nemendum og skólunum til allra heilla.



Eyjólfur Guðmundsson, rektor



Þrátt fyrir jákvæðan tilgang þeirra breytinga sem við stöndum frammi fyrir varðandi inntöku í háskólanám vill Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands koma eftirfarandi á framfæri.

Heilbrigðisvísindasvið (HVS) tekur undir umsögn Háskóla Íslands frá 27. nóvember sl. (#8), að almenn inntökuskilyrði í háskóla þurfi að tryggja að nám sem veitir almennan aðgang að háskólum innihaldi sameiginlegan kjarna sem undirbúi nemendur fyrir nám á hvaða fræðasviði sem er. Þessi sjónarmið eru síðan ítrekuð í umsögn Háskóla Íslands um frumvarpið sem sent er inn í dag, 9. mars.

Reynsla deilda HVS sýnir að nokkur fjöldi nemenda sem sækir þangað nám hefur ekki nægilegan undirbúning fyrir nám í raungreinum, t.d. náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði og eiga því í erfiðleikum með að takast á við háskólanámið með viðunandi árangri. Í flestum tilfellum er námsefnið á ensku sem sumir nemendur eiga nú þegar erfitt með að lesa og skilja og því er ljóst að nemendum er enginn greiði gerður með því að minnka kröfur um inntökuskilyrði í háskóla sem felur í sér minni undirbúning í ofangreindum greinum. Í þessu samhengi komumst við ekki hjá því að hugsa hvort nauðsynlegt verði í framtíðinni að auka verulega kynningu á innihaldi háskólanáms þannig að nemendur viti að hverju þau gangi, og hvort inntökupróf og jafnvel sérstakt undirbúningsnám verði óhjákvæmilegt, og hver gæti greitt kostnað sem þessu fylgdi.

F.h. Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Inga Þórsdóttir

**Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.**

Landssamtökin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á réttindi og tækifæri fólks með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum. Í stefnu sinni og starfi og verkefnum taka samtökin jafnframt mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Landssamtökin Proskahjálp taka undir meginmarkmið frumvarpsins og telja mjög mikilvægt að jafna aðgengi að menntun á háskólastigi, óháð því hvernig námi nemendur ljúka á framhaldsskólastigi. Þó lýsa samtökin miklum vonbrigðum með að samhliða þessari endurskoðun á þessum lögum hafi ekki jafnframt verið ráðist í stefnumótun og úrbætur hvað varðar tækifæri fólks með þroskahömlun til háskólanáms, eins og kveðið er á um í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Íslensk stjórnvöld fullgiltu samninginn árið 2016 og skuldbundu sig þar með til þess að framfylgja honum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu gerðu Landssamtökin Proskahjálp athugasemd við frumvarpið á fyrri stigum og hvöttu þar til þess að breytingarnar tækju jafnframt til námstækifæra á háskólastigi fyrir nemendur sem útskrifast af starfsbrautum, í samræmi við þær skuldbindingar ríkisins sem leiða af samningi Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. hvað varðar tækifæri til menntunar á öllum skólastigum. Í 24. gr. samningsins segir:

*1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og þar sem allir hafa jöfn tækifæri skulu aðildarríkin koma á menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og námi alla ævi sem leiðir til þess:*

*a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisu og eigin verðleikum þroskist til fulls og til þess að virðing fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni vaxi,*

*b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,*

*c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsum samfélagi.*

*2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:*

*a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi vegna fötlunar,*

*5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk geti hafið almennt nám á háskólastigi, starfsþjálfun og notið fullorðinsfræðslu og náms alla ævi án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.*

Þá má í þessu samabandi einnig benda á að þriðja undirmarkmið fjórða heimsmarkmiðs Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um menntun er að eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.

Landssamtökin Þroskahjálp ítreka að eins og staðan er nú eru tækifæri fólks með þroskahömlun til háskólanáms afar fá. Nemendur sem ljúka námi á starfsbrautum framhaldsskólanna útskrifast hvorki með stúdentspróf né fullnaðarpróf á þriðja hæfnisþrepi. Fólk með þroskahömlun hefur því almennt ekki aðgengi að námi á háskólastigi og það breytist ekki með frumvarpinu, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi undirgengist þá skyldu að allt fatlað fólk eigi kost á námi á öllum skólastigum. Örfáum nemendum með þroskahömlun býðst diplómanám við Háskóla Íslands annað hvert ár, en það er eini valkosturinn sem í boði er á háskólastigi fyrir þennan hóp.

Mikilvægt er að ráðast í ítarlega stefnumótun um hvernig uppfylla megi kröfuna sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks gerir um nám fyrir allt fatlað fólk á öllum skólastigum. Til dæmis með því að útfæra fleiri námstækifæri í anda diplómanámsins við háskólana. Landssamtökin Þroskahjálp lýsa miklum vilja til að vera til samstarfs og samráðs um það verkefni.

Landssamtökin Þroskahjálp óska eftir að fá fund með allsherjar- og menntamálanefnd til að gera betri grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi frumvarpið og tengd mál.

Virðingarfyllt.

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra barna, ungmenna og fólks af erlendum uppruna.





**Námsnefnd um starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands telur mjög brýnt að breytingar á lögum um háskóla fjalli um möguleika þessa hóps á að sækja nám í háskóla og eiga kost á að vera hluti af námssamfélagi háskólans.**

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er starfrækt tveggja ára starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Það er eina námið sem boðið er upp á fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla á Íslandi. Inn í námið eru teknir um 15 nemendur á tveggja ára fresti. Það eru mun fleiri sem sækja um námið en hægt er að veita skólavist og því ljóst að það er vöntun á námi fyrir þennan hóp. Til að mynda var ekki hægt að veita 10 umsækjendum skólavist árið 2019, 21 árið 2017 og 33 árið 2015.

Námið er skipulagt í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að fara eftir og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013), stefnu Háskóla Íslands og stefnu um skóla án aðgreiningar. Námið hefur verið í sífelldri þróun frá upphafi og hefur verið í boði síðan 2007. Oft hefur verið óvissa um hvort námið fái brautargengi til að halda áfram innan háskólans. Það er því rík þörf á að styrkja lagalega ramma þessa náms í lögum um háskóla og festa það í sessi svo það eigi þess kost að þróast áfram og verða í boði á öðrum sviðum háskólans.

Það er mikilvægt að fólk með þroskahömlun sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna hafi tækifæri til fjölbreytts háskólanáms í takt við það sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um sem ekki er raunin eins og staðan er í dag. Það er von okkar að það verði breyting þar á og að fólk með þroskahömlun sem lokið hefur framhaldsskólamenntun hafi um fjölbreytt nám að velja í háskóla. Ávinningurinn er mikill en rannsóknir sem gerðar hafa verið á reynslu nemenda sýna fram á aukna samfélagsþátttöku, meiri möguleika á atvinnu, sterkari sjálfsmynd og opnara og fjölbreyttara samfélag.

Mennta- og menningarmálaráðherra stofnaði verkefnishóp í október 2018, um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum. Samkvæmt tillögum hópsins þarf að fjölga námstilboðum í háskóla, þar sem færri komast að en vilja. Hópurinn telur einnig mikilvægt að háskólar séu hvattir til að auka við menntunartækifæri þessa hóps

Háskólar gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki í því að byggja upp nútímalegt þekkingarsamfélag og búa nemendur undir þátttöku og störf á fjölmörgum sviðum þess, eins og fram kemur í stefnu Háskóla Íslands 2016-2021. Í alþjóðlegum yfirlýsingum um störf og hlutverk háskóla er iðulega vísað til „þriðja verkefnis“ (e. third mission) háskólanna, þar sem átt er við að verkefni þeirra snúi ekki eingöngu að því að rannsaka og fræða heldur einnig að taka samfélagslega ábyrgð og verða samfélaginu að gagni.

Nú þegar verið er að breyta lögum um háskóla nauðsynlegt að huga sérstaklega að fólki með þroskahömlun og skýra möguleika þeirra til náms á þessu skólastigi. Það er mikilvægt fyrir þennan hóp en ekki síður aðra nemendur í háskóla og samfélagsins alls. Að vera virkur þátttakandi og að tilheyra er ein mikilvægasta forsenda fyrir góðu samfélagi.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd námsnefnd um starfstengt diplómanám



Ágústa Björnsdóttir verkefnastjóri starfstengds diplómanáms

Helena Gunnarsdóttir verkefnastjóri starfstengds diplómanáms

Nikola Colic nemandi í starfstengdu diplómanámi

Jakob Frímann Þorsteinsson - umsjónarmaður námsleiðar

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjunkt

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík 9.2.2021

Efni: Umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Samband íslenskra framhaldsskóla, SÍF, telur breytingu á aðgangsskilyrðum í háskólanám, svo nemendur þurfa að hafa lokið framhaldsskólaprófi á þriðja hæfnisprepi fyrir aðgöngu vera mjög þarfa, skýra og löngu tímabæra. Félagið fagnar því að verið sé að jafna aðgengi list-, tækni- og starfsnema að háskólanámi. Loksins munu nemendur þeirra brauta vera metnir að verðleikum sínum þar sem aðgangsskilyrðin að háskólanámi munu verða í samræmi við þá færni, hæfni og þekkingu sem þeir hafa. Umrætt frumvarp er einnig í takt við þá stefnu stjórnvalda að bæta stöðu nema á námssamningum til muna með nýrri reglugerð um vinnustaðanám og rafvæðingu ferilbókar á komandi árum.

SÍF leggur mikla áherslu á stuðning háskólanna við þessa breytingu með því að skilgreina vel aðgangsviðmið sín og halda framhaldsskólanemum upplýstum um þau. Þá er ljóst að án eftirfylgni og aukins fjármagns til háskólastigsins munu markmið frumvarpsins ekki nást.

Þrátt fyrir að tillagan sé stórt framfaraskref í menntamálum ítrekar SÍF að frumvarpinu ætti jafnframt að fylgja að nemendur útskrifaðir á starfsbrautum uppfylli einnig aðgangsskilyrði um inngöngu í háskólanám. Að framhaldsskóla loknum hafa öll þessi ungmenni einn valmöguleika um áframhaldandi nám á háskólastigi á Íslandi, starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands. Þar sem mörgum fötluðum ungmönnum býðst ekki annað nám en á starfsbrautum í framhaldsskólum er verið að útskúfa fötluðu fólk frá háskólamenntun. Sú útskúfun er hvorki í takt við fjórða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna né samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem stefnt er að því að tryggja öllum jafnan aðgang að námi á öllum stigum, þar á meðal fötluðu fólk. Skorar Samband íslenskra framhaldsskólanema á stjórnvöld til að stíga skrefið til fulls í fyrirhugaðri breytingu á lögum um háskóla og gefa öllum kost á framhaldsmenntun.

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. mars 2021

**Mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. febrúar 2021 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint frumvarp.

SA fagna frumvarpinu og telja þær breytingar sem þar eru lagðar fram vera mikið gæfuspor. Með því að opna dyr háskóla fyrir þeim sem lokið hafa námi frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi er starfs- og tæknimenntun lyft á þann stall sem henni ber. Það er von samtakanna að þessi breyting leiði smám saman til þess að ásókn í starfs- og tækninám muni aukast en skortur hefur verið á starfs- og tæknimenntuðu fólki á íslenskum vinnumarkaði um alllangt skeið. Það er því mikilvægt að þeir nemendur sem velja starfs- eða tækninám standi jafnfætis þeim sem útskrifast með stúdentspróf er varðar möguleikann á áframhaldandi námi á háskólastigi.

SA taka undir það sem stendur í greinargerð frumvarpsins varðandi orðalag gildandi laga sé ekki nægjanleg hvatning fyrir háskóla til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nemendur sem hafa lokið iðn- og starfsnámi. Mikilvægi gagnsærra og skýrra aðgangsviðmiða er ótvírætt bæði fyrir nemendur og ekki síður skólana sjálfa en slík viðmið ættu alla jafna að auka skilvirkni menntakerfisins og auðvelda nemendum að skipuleggja nám sitt.

SA mæla eindregið með því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ólafur Garðar Halldórsson

Ólafur Garðar Halldórsson



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. mars 2021.

**efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Lagt er til að breyta aðgangsskilyrðum að háskóla fyrir nemendur sem vilja hefja nám í háskóla með þeim hætti að staða nemenda sem lokið hafa list-, tækni- og starfsnámi sé metin til jafns við þá sem lokið hafa stúdentsprófi. Einnig er stefnt að því með frumvarpinu að hvetja háskóla til að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum.

SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. SI vísa í meðfylgjandi umsögn sína um frumvarpið sem lögð var fram 27. nóvember 2020, þar sem fram koma nokkur atriði sem vert er að taka fram.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

Virðingarfyllst,

  
Jóhanna Vigdís Arnardóttir,  
verkefnastjóri á menntasviði SI.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu  
Reykjavík

**Sent á samráðsgátt**

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.**

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Eftirfarandi eru nokkur atriði sem SI vilja draga sérstaklega fram:

- Nemendur sem lokið hafa starfsnámi hafa ekki allir átt greiðan aðgang að háskólanámi, en í tíð núverandi menntamálaráðherra hefur verið lögð áhersla á að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið ólíkum lokaprófum úr framhaldsskólum. Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér breytingar á aðgangsskilyrðum í háskóla þannig að auk stúdentsprófs kemur nú nýtt skilyrði um að nemendur skuli hafa lokið lokaprófi úr framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi. Starfsnámsbrautum (um 70 staðfestar brautir) og stúdentsbrautum (um 150 staðfestar brautir), verður nú gert jafnhátt undir höfði samkvæmt frumvarpinu og er það mikið fagnaðarefni, enda löngu tímabært.
- Háskólar eru hvattir til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum og upplýsa framhaldsskóla um þau, samkvæmt frumvarpinu og er það vel. Nemendur geta þannig skipulagt nám sitt í framhaldsskóla til samræmis við kröfur viðtökuháskóla.
- Mikill skortur hefur verið á starfs- og tæknimenntuðu fólki á vinnumarkaðnum hér á landi en, eins og kemur fram í drögum að Menntastefnu til 2030, er starfs- iðn, og tækninám forsenda sjálfbærni atvinnugreina á Íslandi. Frumvarp það sem hér er til umsagnar er samið á grundvelli tillagna í aðgerðaráætlun ráðherra til að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun sem unnið er að í samstarfi við SI og Samband íslenskra sveitarfélaga. SI lýsa sig reiðubúin í áframhaldandi samstarf í þessum málaflakki, enda ærin verkefni framundan samkvæmt aðgerðaráætluninni.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

**SAMTÖK IÐNAÐARINS**

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,  
verkefnastjóri á menntasviði SI



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. mars 2021.

**efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Lagt er til að breyta aðgangsskilyrðum að háskóla fyrir nemendur sem vilja hefja nám í háskóla með þeim hætti að staða nemenda sem lokið hafa list-, tækni- og starfsnámi sé metin til jafns við þá sem lokið hafa stúdentsprófi. Einnig er stefnt að því með frumvarpinu að hvetja háskóla til að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum.

SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. SI vísa í meðfylgjandi umsögn sína um frumvarpið sem lögð var fram 27. nóvember 2020, þar sem fram koma nokkur atriði sem vert er að taka fram.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Jóhanna Vigdís Arnardóttir,  
verkefnastjóri á menntasviði SI.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu  
Reykjavík

**Sent á samráðsgátt**

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.**

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Eftirfarandi eru nokkur atriði sem SI vilja draga sérstaklega fram:

- Nemendur sem lokið hafa starfsnámi hafa ekki allir átt greiðan aðgang að háskólanámi, en í tíð núverandi menntamálaráðherra hefur verið lögð áhersla á að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið ólíkum lokaprófum úr framhaldsskólum. Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér breytingar á aðgangsskilyrðum í háskóla þannig að auk stúdentsprófs kemur nú nýtt skilyrði um að nemendur skuli hafa lokið lokaprófi úr framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi. Starfsnámsbrautum (um 70 staðfestar brautir) og stúdentsbrautum (um 150 staðfestar brautir), verður nú gert jafnhátt undir höfði samkvæmt frumvarpinu og er það mikið fagnaðarefni, enda löngu tímabært.
- Háskólar eru hvattir til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum og upplýsa framhaldsskóla um þau, samkvæmt frumvarpinu og er það vel. Nemendur geta þannig skipulagt nám sitt í framhaldsskóla til samræmis við kröfur viðtökuháskóla.
- Mikill skortur hefur verið á starfs- og tæknimenntuðu fólki á vinnumarkaðnum hér á landi en, eins og kemur fram í drögum að Menntastefnu til 2030, er starfs- iðn, og tækninám forsenda sjálfbærni atvinnugreina á Íslandi. Frumvarp það sem hér er til umsagnar er samið á grundvelli tillagna í aðgerðaráætlun ráðherra til að auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun sem unnið er að í samstarfi við SI og Samband íslenskra sveitarfélaga. SI lýsa sig reiðubúin í áframhaldandi samstarf í þessum málaflakki, enda ærin verkefni framundan samkvæmt aðgerðaráætluninni.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,  
verkefnastjóri á menntasviði SI

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2021

### **Efni: Háskólar og opinberir háskólar (aðgangsskilyrði). (Mál nr. 536)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma athugasemdum sínum um aðgangsskilyrði háskóla á framfæri. Með frumvarpinu eru dyr háskóla opnaðar fyrir nemendur sem hafa lokið öðru námi en stúdentsprófi. Nú þegar er heimild til staðar í lögum til að innrita nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi hafi þeir öðlast reynslu eða hafi yfir að ráða þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Viðskiptaráð tekur undir að umrædd lagaheimild sé ekki nægileg hvatning fyrir háskólana til þess að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nemendur sem lokið hafa iðn- og starfsnámi. Ljóst er að slík undantekningarregla er til þess fallin að mæta afgangi, fremur en að vera opnari heimild fyrir háskólana til þess að móta sín inntökuskilyrði. Háskólum ætti enda að vera í sjálfsvald sett hvaða inntökuskilyrði þeir gera kröfu um fyrir einstaka deildir eða námsbrautir, enda best til þess fallnir.

### **Fjölgun iðnmenntaðra**

Að mati Viðskiptaráðs er mikilvægt að fjölga iðnmenntuðum hérlendis. Framleiðni á Íslandi er undir meðaltali Norðurlandanna, líkt og Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur bent á og ítrekað í því samhengi mikilvægi þess að fleiri sæki sér starfs- og tæknimenntun svo koma megi betur til móts við þarfir samfélagsins. Þegar litið er til þess fjölda sem útskrifast úr starfs-, iðn- og tæknigreinum er hlutfall útskrifaðra mun lægra hérlendis en á Norðurlöndunum. Í þessu sambandi hefur verið vísað til þess að hér á landi sé misræmi í þeirri færni sem þörf er á í einkageiranum og þeirri færni sem þar er til staðar.

Á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar og stöðugra tækniframfara er það óvissu háð hver störf framtíðarinnar verða. Til þess að tryggja samkeppnishæfni Íslands og svara eftirspurn einkageirans eftir tiltekinni færni og þekkingu þarf að eyða þeim hömlum sem til staðar eru fyrir þá sem kynnu annars að kjósa list- tækni- eða starfsnám til að halda áfram í háskólanám. Eins og staðan er þarf atvinnulífið á slíkri þekkingu að halda. Iðnnám er ein grunnstoða öflugra atvinnulífs og getur skortur á iðnmenntuðum einstaklingum hamlað starfsemi fjölda fyrirtækja. Að því sögðu hvetur Viðskiptaráð stjórnvöld og opinbera háskóla til enn virkara samtals við fulltrúa atvinnustarfseminnar í því skyni að þær námsgreinar sem þörf er á að styðja við í þágu fjölbreyttara og öflugra atvinnulífs og samfélags verði eflar og vel kynntar framtíðarnemendum. Í frumvarpinu eru tekin skref í átt að því að jafna stöðu bóknáms og starfsnáms á framhaldsskólastigi, svo iðnmenntaðir njóti sömu réttinda og þeir sem lokið hafa stúdentsprófi þegar kemur að innritun í háskóla. Þannig er verið að fjarlægja hindranir úr vegi þeirra sem ákveða að leggja stund á iðnnám sem er að mati Viðskiptaráðs til mikilla bóta.




## Mati á áhrifum ábótavant

Viðskiptaráð gerði athugasemd við mat á áhrifum frumvarpsins í fyrri umsögn sinni um málið. Líkt og kemur fram í greinargerð taldi ráðuneytið þó ekki ástæðu til að bregðast við þeim athugasemdum. Ekki er að finna mat á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins. Fram kemur að ekki sé mögulegt að meta endanleg áhrif frumvarpsins á útgjöld og tekjur ríkissjóðs enda séu ekki fyrirbyggjandi upplýsingar um hvort og þá hversu stór hópur muni óska eftir að komast í háskóla vegna lagabreytinganna.

Viðskiptaráð telur mikilvægt að að í greinargerðum frumvarpa sem til þess eru fallin að hafa áhrif á ríkissjóð sé í það minnsta gerð tilraun til að uppfylla kröfur 66. gr. l. nr. 123/2015 um opinber fjármál. Ráðinu þykir því miður að sjá að ekki hafi þótt ástæða til að bæta úr því.

Það væri þá máli sem þessu einnig til framdráttar að leggja mat á þjóðhagsleg áhrif til lengri tíma. Að því sögðu telur Viðskiptaráð að hér sé um að ræða mál sem almennt verður að telja að geti haft góð áhrif á ríkissjóð til lengri tíma og að líkindi séu til þess að af því hljótist þjóðhagslegur ábati.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

  
Agla Eir Vilhjálmsdóttir  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands